

Fundargerð 69. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannstaða.

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu miðvikudaginn 7. janúar 2014 kl 9.00 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albina Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Guðjón Bragason og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Björn Jóhannsson og Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir

Dagskrá fundar

- 1) Rætt um umsóknir og úthlutanir vegna FF8. Til úthlutunar eru 174,8 milljónir.
 - a. Björn fór yfir nýjar upplýsingar sem hafa borist vegna umsóknar FF8-004 – *Nýtt bílastæði við Grábrók og salernisaðstaða.*
 - b. Björn fór yfir nýjar upplýsingar sem borist hafa vegna umsóknar FF8-046 – *Virkjun fyrir Læknishúsið á Hesteyri.*
 - c. Tekið var fyrir erindi sem borist hefur frá Þingeyjarsveit vegna umsóknar FF8-102 – *Endurbætur á umhverfi Goðafoss.* Erindið er samþykkt samhljóða.
- 2) Staða verkefna skv. yfirlitsskjali.
 - a. Ræddir voru styrkir til Umhverfisstofnunar. Birni var falið að skrifa formlegt bréf til ráðuneytisins, þar sem athygli er vakin á að Umhverfisstofnun hefur ekki svarað athugasemdum við verkáætlanir vegna styrkveitinga til stofnunarinnar úr aukaúthlutun ráðherra FF7. Þeir samningar eru því ókláraðir og styrkirnir ónýttir.
- 3) Önnur mál.
 - a) Rætt um hvernig nýta skuli eftirstöðvar úr eldri úthlutunum upp á 3.080.771 kr. og var staða Teigarhorns er m.a. rædd í því sambandi.

Fundur boðaður miðvikudaginn 21. janúar kl. 09:00.

Fundi slitið kl. 10:20

Fundargerð rituðu Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir og Björn Jóhannsson

Souu sika
Anna G Sverrisd
Albina Thordarson
Guðjón Bragason